

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2086

2024/EES/34/45

frá 28. september 2023

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á jöfnuðu ediki sem rotvarnarefni og sýrustilli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni og nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Í mars 2021 var lögð umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um leyfi fyrir notkun á jöfnuðu ediki sem rotvarnarefni og sýrustilli í ýmiss konar matvælaflokkum. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Í álitum sem var birt 1. júlí 2022 ⁽⁴⁾ lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat á öryggi tillagðrar notkunar á jöfnuðu ediki sem matvælaaukefnis. Þar eð ediksýra og sölt hennar eru grunninnihaldsefni (e. *primary constituent*) í jöfnuðu ediki vísaði Matvælaöryggisstofnunin til fyrra mats síns um ediksýru sem virkt efni í varnarefni frá 2013 ⁽⁵⁾ þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri talið nauðsynlegt að fastsetja ásættanlega daglega inntöku fyrir ediksýru. Slík niðurstaða fæst fyrir efni sem skapa mjög lítinn öryggisvanda og einungis ef fyrir hendi eru áreiðanlegar upplýsingar um bæði váhrif og eiturhrif og mjög ólíklegt er að efnið hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna í skömmtum sem valda ekki næringarójafnvægi hjá dýrum ⁽⁶⁾. Að teknu tilliti til matsins á ediksýru frá 2013 og þess að jafnað edik klofnar í mínusjón ediks, náttúrulegt innihaldsefni í fæðu manna og mannslíkamanum sem umfangsmikil gögn um líffræðileg áhrif eru til um, lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á öryggi jafnaðs ediks án líffræðilegra eða eiturefnafræðilegra gagna fyrir þetta matvælaaukefni og komst að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi skapist við notkun á jöfnuðu ediki sem matvælaaukefni við tillagt hámarksnotkunarmagn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2024 frá 15. mars 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(7), 7351.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3060.

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3697, „Statement on a conceptual framework for the risk assessment of certain food additives re-evaluated under Commission Regulation (EU) No 257/2010“.

- 6) Í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru allir flokkar aukefna skilgreindir. Í I. flokki í C-hluta eru skráð matvælaaukefni, að undanskildum litarefnum og sætuefnum, þar sem ekki er þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku og sem eru leyfð til notkunar í margs konar matvæli í samræmi við meginregluna um að notkun skuli vera eftir þörfum eins og skilgreint er í h-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar. Niðurstaðan úr öryggismatinu á jöfnuðu ediki heimila færslu þess í I. flokk í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 7) Jafnað edik er fljótandi eða þurrkuð vara sem er búin til með því að bæta natrium-/kalíumhýdroxíðum (E 524–525) og natrium-/kalíumkarbónötum (E 500–501) í edik, sem er í samræmi við Evrópustaðal EN 13188:2000 og er einvörðungu fengið úr landbúnaðarafurðum (að undanskildum víði/sellulósa) með tvöfaldri gerjun (alkóhól- og ediksýrugerjun). Jafnað edik er ætlað til notkunar sem staðgöngukostur fyrir önnur leyfð rotvarnarefni eða sýrustilla, einkum ediksýru og sölt hennar (E 260–263). Jöfnun hækkar sýrustig og gerir notkun sem rotvarnarefni eða sýrustillir mögulega í mörgum matvælaflokkum án þess að hafa áhrif á gæði matvæla.
- 8) Því er rétt að heimila notkun á jöfnuðu ediki sem matvælaaukefni og úthluta aukefninu E-númerinu E 267.
- 9) Færa ætti nákvæma skilgreiningu fyrir jafnað edik (E 267) inn í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 þar eð þetta aukefni er fært á skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.
- 10) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- a) Í 3. lið í B-hluta „Önnur aukefni en litarefni og sætuefni“ er eftirfarandi nýrri færslu bætt við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 263, Kalsíumasetat:

„E 267	Jafnað edik“
--------	--------------

- b) Í C-hluta er færslu fyrir E 267 bætt við í I. flokki á eftir færslunni fyrir E 263, Kalsíumasetat:

„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i> “
--------	-------------	-----------------------

- c) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

- 1) Í flokki 01.7.1 (Óþroskaður ostur að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á eftir færslunni fyrir E 260, Ediksýru:

„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i>	Einungis mozzarella-ostur“
--------	-------------	---------------------	----------------------------

- 2) Í flokki 01.7.4 (Mysuostur) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á eftir færslunni fyrir E 260, Ediksýru:

„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i> “
--------	-------------	-----------------------

- 3) Í flokki 04.2.3 (Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á eftir færslunni fyrir E 263, Kalsíumasetat:

„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i> “
--------	-------------	-----------------------

- 4) Í flokki 06.4.1 (Ferskt pasta) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á undan færslunni fyrir E 270, Mjólkursýru:

„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i> “
--------	-------------	-----------------------

- 5) Í flokki 06.4.3 (Ferskt, forsoðið pasta) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á undan færslunni fyrir E 270, Mjólkursýru:

„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i> “
--------	-------------	-----------------------

- 6) Í flokki 06.4.4 (Kartöflubollur) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á eftir færslunni fyrir E 200–202, Sorbínsýru – kalíumsýru:

„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i>	Einungis ferskar kældar kartöflubollur“
--------	-------------	---------------------	---

- 7) Í flokki 07.1.1 (Brauð framleitt eingöngu með eftirfarandi innihaldsefnum: hveitimjöli, vatni, geri eða súrdeigi, salti) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á eftir færslunni fyrir E 263, Kalsíumasetat:

	„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i> “			
--	--------	-------------	-----------------------	--	--	--

- 8) Í flokki 07.1.2 (*Pain courant français; Friss búzakenyér, fehér és félbarna kenyerek*) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á eftir færslunni fyrir E 263, Kalsíumasetat:

	„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i> “			
--	--------	-------------	-----------------------	--	--	--

- 9) Í flokki 08.2 (Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004) er færslu fyrir E 267 (Jafnað edik) bætt við á eftir færslunni fyrir E 263, Kalsíumasetat:

	„E 267	Jafnað edik	<i>eftir þörfum</i>		Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í“
--	--------	-------------	---------------------	--	---

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er eftirfarandi nýrri færslu bætt við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 263 KALSÍUMASETAT:

„E 267 JAFNAÐ EDIK	
Samheiti	Jafnað edik (fljótandi); jafnað edik (duft)
Skilgreining	Jafnað edik er fljótandi eða þurrkuð vara sem er búin til með því að bæta jafnalausnum í edik. Þær jafnalausnir sem eru notaðar eru natríum-/kalíumhýdroxíð (E 524–E 525) og natríum-/kalíumkarbónöt (E 500–E 501). Edikið er í samræmi við Evrópustaðal EN 13188:2000 og einvörðungu fengið úr landbúnaðarafurðum (að undanskildum viði/sellulósa) með tvöfaldri gerjun, alkóhól- og ediksýrugerjun. Grunninnihaldsefnin í jöfnuðu ediki eru ediksýra og sölt hennar.
Magngreining	Vökvi: 15–40% (massahlutfall) ediksýrujafngildi
	Duft: 55–75% (massahlutfall) ediksýrujafngildi
	2–20% (massahlutfall) óbundin ediksýra
Lýsing	Vökvi: litlaus yfir í brúnan seigfljótandi vökva
	Duft: hvítt yfir í rjómalitað, kristallað duft
Sanngreining	Vökvi: pH-gildi 4,75–7,5
	Duft: pH-gildi 4,75–6,75 (10% vatnslausn)
Hreinleiki	
Plúsjónir	Vökvi: Ekki meira en 10% natríum og 30% kalíum
	Duft: Ekki meira en 30% natríum og 40% kalíum
Vatnsinnihald	Duft: Ekki meira en 18% (aðferð Karls Fischers)
Etanól	Ekki meira en 0,5% massahlutfall
Arsen	Ekki meira en 0,05 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,05 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,05 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,05 mg/kg ^{cc}